

Skólaráðsfundur

13. desember 2017

Mættir: Svava skólastjóri, Haraldur fulltrúi nemenda, John fulltrúi úr nærsamfélagi, Elsa Lára og Manassa fulltrúar foreldra, Helena fulltrúi starfsmanna, Kristín Hulda og Elín Þuríður fulltrúar kennara.

1. Skólanámsskrá
 - a. Bekkjarnámsskrár komnar á vef skólans <http://www.storuvogaskoli.is/Skolinn/Skolanamskra/> í bekkjarnámsskrám er tilgreint hversu margar kennslustundir eru kenndar á viku í hverri námsgrein. Einnig eru tilgreindir grunnþættir menntunar og hvað í þeim felst. Farið yfir aðra hluta námsskráa s.s foreldrasamstarf, lykilhæfniviðmið og fl. Bekkjarnámsskrár eru til fyrir alla bekki skólans og eru mjög ýtarlegar.
 - b. Gjaldfráls skóli – rætt um gjaldfrjáls námsgögn og gjaldfrjálsar máltíðir. Lögð verður áhersla hjá bæjaryfirvöldum á að leggja áfram áherslu á máltíðir.
 - c. Skólaráð leggur til að fundin verði lausn á gámasvæði við Tjarnarsal. Gámarnir þykja ekki til þýði fyrir veislusal bæjarins.
2. Gengið um skólann – frestað til næsta fundar
3. Heimanámsstefna
 - a. Rætt um heimanám í desember. Hversu mikið heimanám á að vera og hversu lengi fram í desember. Þá er mikið um uppbot í skólastarfi sem hefur áhrif á námsframvindu sérstaklega á unglingastigi svo sem söngsamverur, heimsóknir frá rithöfundum og fleira.
 - b. Hugmynd um lengingu skóladags yngsta stigs í desember. Nemendur í 4. bekk hafa ekki áhuga á að mæta í frístund þar sem fáir af þeirra aldri fara þangað. Hins vegar hefðu einhverjir foreldrar áhuga á að hafa lengri viðveru barna sinna. Velt fyrir sér möguleika á að bæta inn kennslustund í daginn þar sem stuðningsfulltrúi væri með bekknum en ekki kennari, en frístund væri þá styttri í staðinn. Hugmyndin sprottin af breskri fyrirmynd þar sem skóladagurinn er frá 9-3 en með meiri frjálsum tíma inn á milli.
4. Önnur mál
 - a. Heimsókn frá stöð 2 á morgun fimmtudag. Þeir höfðu samband þar sem hafði heyrst að nemendur væru að standa sig mjög vel í ensku, gjaldfrjálsar máltíðir og fleira gott. Rætt um hvaða þætti væri áhugavert að taka fyrir í viðtalinu, hugmynd kom frá starfsfólki um hversu lítið er um agavandamál á unglingastigi, móðurmálskennsla fyrir nemendur af erlendum uppruna, útvistaráfangi, skólaþing nemenda, vinaliðaverkefnið, skólakórinn í Hörpu,
 - b. Svava ræddi um komandi starfslok sín. Hún ætlar að minnka við sig vinnu þar sem hún er orðin langt gengin inn í lífið og vill fara í kennslu. Tímasetningin er ákveðin með tilliti til þess að undirbúningur fyrir nýtt skólaár hefst á þessum tíma.

Næsti fundur ákveðinn 25. janúar klukkan 8:10

Fundi slitið 9:45

Ritari: Elín Þ. Samúelsdóttir